

# STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1979

18. október 1979.

783

Nr. 406.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 388 5. október 1979 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 15 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 40 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 60 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 15 000 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Reglugerð þessi skal öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 18. október 1979.*

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

*Björn Hafsteinsson.*

22. október 1979.

Nr. 407.

## AUGLÝSING

um framlagningu kjörskráa við Alþingiskosningar  
2. og 3. desember 1979 og um kærufresti.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningar 2. og 3. desember 1979 verði lagðar fram.

Jafnframt er ákveðið, samkvæmt heimild í 1. málsg. 23. gr. laganna,

- a) að tímabil það, sem getur í 1. málsg. 19. gr., styttest, þannig að kjörskrár skulu lagðar fram 3. nóvember 1979.
- b) að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. málsg. 19. gr., styttest, þannig að hann verði tvær vikur.